

### **Umsögn Reykjavíkurborgar**

Vísað er til máls nr. 130/2022 í samráðsgáttinni. Er þar gefinn kostur á að veita umsagnir vegna áforma innviðaráðuneytisins að leggja fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða.

Þar sem að ekki er komin tillaga að frumvarpi telur Reykjavíkurborg ekki tímabært að koma með ítarlega umsögn eða athugasemdir að svo stöddu. Þrátt fyrir það eru nokkrir punktar sem Reykjavíkurborg telur rétt að koma á framfæri.

Reykjavíkurborg telur að það sé mikilvægt að gjöld sem innheimt eru fari í uppbyggingu á því svæði sem gjaldtakan fer fram. Slíkt fyrirkomulag er líklegra til að stuðla að sátt um gjaldtökuna. Ef að innheimta á gjald til að afla tekna til uppbyggingar samgönguinnviða á landinu öllu telur borgin að betri niðurstaða væri að leggja á kílómetragjald á ökutæki sem fylgja mætti eftir við ástandsskoðun ökutækja.

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að gjaldtaka á höfuðborgarsvæðinu sé ekki eingöngu notuð sem tekjuöflun heldur sé hún einnig mikilvægt stjórnþæki til að hámarka nýtingu samgönguinnviða með því að hafa áhrif á hvenær ferðir eru farnar og val vegfarenda á ferðamáta. Leggur Reykjavíkurborg því áherslu á að heimild sé fyrir því í lögnum og að sveitarfélög hafi aðkomu að fyrirkomulagi gjaldtökunnar.

Að lokum vill Reykjavíkurborg taka fram að óskað er eftir því að samráð verði haft við sveitarfélagið varðandi stofnun hlutafélagsins sem og gerð frumvarpsins sé því ætlað að ná til gjaldtöku á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*Starfandi Samgöngustjóri*